



Vigdís Finnbogadóttir og Henrik Danaprins ganga að Cooper-Hewitt-safninu í New York á mánudagskvöld.



Íslenzkir áheyrendur yfirgefa Lincoln Center að lokinni opunarathöfn í New York.

Simamynd / Morgunblaðið — Ól. K.M.

Scandinavia Today:

Hver sýningin opnuð á fætur annarri

New York, 14. september — frá Önnu Bjarnadóttur, fréttaritari Morgunblaðsins.

NORRÆN menning hefur haldið innreið sína í New York. Þrjár sam-sýningar voru opnaðar með pomp og pragt á mánudagskvöld og ein seint á þriðjudag. Haraldur, krónprins Noregs, opnaði listiðnaðarsýninguna Scandinavia Modern 1880 til 1980 í Cooper-Hewitt-safninu, Bertil, Sví-prins, opnaði grafísk-sýninguna „The Scandinavian View Ecology and Poetry in Nordic Printmaking“ í National Academy of Design og Henrik, Danaprins, opnaði nútíma-sýninguna „Art Now Contemporary Scandinavia“ í Gullenheim-safninu og Per Steinbeck, utanríkisráðherra Finna, opnaði textilsýninguna „The Scandinavian Touch, Contemporary Scandinavian Textile“ í Fashion Technology Institute. Samtímis þessum opunarathöfnum sýndi Public-sjónvarpsstöðin á mánudagskvöldið upptöku af „gala“-há-

tíðinni í Minneapolis á laugardagskvöldið.

Söfnin, sem hýsa sýningarnar, sem opnaðar voru á mánudag, eru öll nærri hvert öðru og var rauður dregill lagður milli þeirra á 5. tröð, sem gestir gengu eftir á milli safnanna. Sýningin í Cooper-Hewitt-safninu var opnuð fyrst og var allt með miklum hátíðarbrag. 40 manna lið hélt síðan eftir dreglinum á næsta safn með forseta Íslands, Vigdísi Finnbogadóttur, Henrik Danaprins og tvo norska fíðluleikara í broddi fylkingar. Nokkur mannfjöldi hafði safnast saman til þess að fylgjast með ferðum fyrirfólksins, en margir voru ekki alveg vissir um hver var hver, og heyrðist spurt um drottningu Íslands og konung Danmerkur. Í akademíunni biðu fleiri gestir. Sýningin var opnuð formlega og haldið var til Guggenheim-safnsins. Þegar allar sýningarnar höfðu verið

opnaðar var gestum frjálst að ganga milli safnanna.

New York Times segir frá opnun sýninganna í morgun á tízkusíðu blaðsins og er þar stór mynd af Vigdísi forseta og Henrik prins. Dómar um sýningarnar munu væntanlega birtast í blaðinu seinna, en svo mörg listaverk frá Íslandi hafa aldrei skreytt sýningar í Bandaríkjunum. Blaðið sagði frá Scandinavia Today í nokkuð ítarlegri grein fyrir nokkru. Þar segir að menningarkynningin eigi að sýna og sanna norrænt samstarf, en undirbúningur kynningarinnar hafi ekki endilega gengið eins slétt og fellt fyrir sig og allir vilji nú vera láta.

Kristinn Hallsson, fulltrúi í menntamálaráðuneytinu, var fulltrúi Íslands í stjórnunarnefnd Norðurlanda, sem stóð að undirbúningi Scandinavia Today. Hann er nú í Bandaríkjunum í fylgd með menntamálaráðherra til að vera viðstaddur

opunarhátíðahöldin. Menningar-kynningin varð mun víðameiri en ætlunin var í upphafi, og var fljótlega leitað samvinnu við utanríkisráðuneytið. Tómas Karlsson hefur starfað að undirbúningnum í Reykjavík síðustu mánuði, en Sverrir Haukur Gunnlaugsson, sendi-fulltrúi í Washington sá um undirbúning í Bandaríkjunum.

Kristinn sagði í samtali í New York í morgun, að stjórnunarnefndin hefði strax ákveðið að hafa engin afskipti af hvaða einstök verk yrðu valin til flutnings eða sýningar á Scandinavia Today. Leitað var til samtaka listamanna og þau beðin um að sjá um val á verkum. Fulltrúi frá hverju landi var skipaður í nefnd fyrir hverja sýningu, sem söfnin í Bandaríkjunum sættu sig við. Hann tók textilsýninguna, sem var opnuð á þriðjudag í New York sem dæmi um hvernig staðið var að vali verkanna.

Forstjóri National Museum í Stokkhólmi var ábyrgðarmaður sýningarinnar og valdi hann verkin á sýninguna í samráði við Sigríði Jóhannsdóttur og jafnvel fleiri. Ásgerður Búadóttir er meðal þeirra Íslendinga, sem eiga verk á sýningunni og taldi forstjóri sænska þjóðminjasafnsins hana vera einn fremsta veflistamann á Norðurlöndum og veflist á Íslandi mjög merkilega.

Samstarfið gekk ekki alltaf jafn vel og sagði Kristinn, að t.d. hefði val tónleika ekki gengið alveg jafnsnúðlaust fyrir sig. Verk eftir Jón Nordal, Atla Heimi Sveinsson, Karólínu Eiríksdóttur og Þorkel Sigurbjörnsson urðu að lokum fyrir valinu. Manuela Wiesler, flautuleikari, mun ferðast um Bandaríkin í sambandi við Scandinavia Today og Karlaórin Fóstbræður kom fram á opunarhátíð kynningarinnar í Washington og Minneapolis.

NÝBAKAÐIR ÍSLANDSMEISTARAR

VÍKINGUR

GEGN SPÆNSKU MEISTURUNUM

REAL SOCIEDAD



Kröftugur stuðningur þinn er hálfur sigur og þess vegna treystum við þér og öllum öðrum knattspyrnuunnendum til þess að mæta í Laugardalinn í dag og hvetja strákana í baráttunni við spænsku snillingana Sociedad frá Real Sociedad.



50 ára þjónusta
1932-1982

SPARISJÓÐUR
REYKJAVÍKUR
OG NÁGRENNIS

ERU STEINAR
Í „SYKURHÚÐUÐU
PERUNNI“ ÞEIRRA
SPÆNSKU?

Motto dagsins er
allir á Völlinn

Áfram Víkingur

Á LAUGARDALSVELLI (AÐAL-LEIKVANGI)

EVROPUKEPPNI MEISTARALIÐA

Í DAG kl. 17.30

VÍKINGUR